

Samstarfsaðilar

OpenEurope er sjálfseignarstofnun með aðalskrifstofu í Reus (Katalóníu, Spáni) sem miðar að því að aðstoða ungt fólk og fullorðið fólk sem starfar í æskutengdum geirum að taka þátt í evrópskum verkefnum.

Agrupamento de Escolas do Barreiro (AEB) er samstarfsnet opinberra skóla í Portúgal og miðstöð fyrir fagþróun og endurmenntun kennara (Centro de Formação de Escolas dos Concelhos do Barreiro e Moita - CFECBM).

Eurosucces Consulting er ráðgjafar- og endurmenntunarstofnun sem starfar á sviði verkefnastjórnunar, þjálfunar og fræðslu.


GeoCamp Iceland kemur að menntatengdri ferðaþjónustu og kennsluþróun með það að markmiði að efla áhuga á raungreinum, raungreinamenntun og STEM færni á Íslandi.

NEFINIA er hollenskt ráðgjafa- og endurmenntunarstofnun stofnað árið 2007. Fyrirtækið leggur áherslu á kennsluþróun, lausnum, samantekt á góðum starfsvenjum og viðskiptaþróun fyrir skólastarfsfólk, með áherslu á nýsköpun, frumkvöðlastarf og menntun fyrir alla.

Polygonal eru samfélagssamtök sem einbeita sér að menntun til félagslegra breytinga. Um er að ræða netverk ástríðufylls fólks um stafræna menntun og þróun, umhverfisaðgerðir og samfélagslega virkni.

Reykjanes UNESCO Global Geopark varð viðurkenndur jarðvangur árið 2015. Um er að ræða svæði þar sem stöðum og landslagi sem hefur alþjóðlega jarðfræðilega þýðingu er stjórnað með heildrænni hugmynd um vernd, menntun og sjálfbæra þróun.

Szkota Podstawowa w Jasilikowie er pólskur grunnskóli sem er virkur þátttakandi í alþjóðlegum og pólskum verkefnum sem tengjast heilbrigðum lífsstíl, sjálfbærri þróun og vistvænum leiðum til að bæta umhverfismál.



Skannaðu kóðann til að læra meira




Upcycling as a way to generate less waste and create value-added products in a creative way

www.upcyclingeducation.eu



UPCYCLING



Co-funded by
the European Union

Verkefnið er styrkt af Erasmus+ Menntaáætlun Evrópusambandsins. Efni þess endurspeglar einungis viðhorf og skoðanir þeirra aðila sem koma að verkefninu og ber því framkvæmdastjórn ESB ekki ábyrgð á þeim upplýsingum sem hér koma fram.

2021-1-IS01-KA220-SCH-000024011

Project N°:
2021-1-IS01-KA220-SCH-000024011

Hvað er Upcycling?

Hugtakið uppvinnsla er notað yfir nýsköpun í endurnýtingu úrgangsefnis, þar sem litið er til meirvirði afurða. Uppvinnsla er þannig ákveðin tegund endurvinnslu en í stað þess að brjóta eldri hluti niður í frumeindir áður en byggt er upp úr þeim að nýju eru þeir nýttir beint í sköpun nýrra hluta. Verkefnið er styrkt af Erasmus+ Menntaáætlun Evrópusambandsins, og miðar það að því að kennarar í æskulýðs- og skólastarfi vinni þverfaglega að námsefnagerð og notkun framsækinnar kennsluáðferða við miðlun uppvinnslu í skólastarfi.

Markmið

- Auka vitund nemenda á áskorunum sem snúa að umhverfismálum og loftslagsbreytingum
- Þróa skapandi leiðir fyrir nemendur í að verða leiðandi þátttakendur í minni sýn auðlinda, auk þess að að draga úr úrgangsnotkun og kolefnisfótspori.
- Þróa hæfni skólastjórnenda og starfsfólks í sjálfbærni.
- Hvetja til þverfaglegra kennsluáðferða í STEM kennslu.
- Auka við frumkvöðlavitund nemenda með því að hrinda hugmyndum í framkvæmd.
- Hlúa að nýsköpun, sköpun, frumkvöðlastarfi í skólastarfi.



Markhópar


Beinir markhópar:

- Grunn- og framhaldsskólar
- Kennarar
- Stofnanir og fyrirtæki sem koma að umhverfismálum

Óbeinir markhópar:

- Nemendur á grunn- og framhaldsskólastigi
- Fjölskyldur nemenda
- Sveitastjórnir og bæjarfélög
- Stefnumótendur á sviði mennta- og umhverfismála
- Samtök og hagsmunaaðilar

Afurðir



V1 – Samantekt á hugmyndafræði uppvinnslu og þróun á lykilþáttum samþættra námskeiða; unnið að hugmyndafræðilegum og þekkingafræðilegum bakgrunni; tekin saman dæmi og góðar starfsvenjur í formlegu, óformlegu og formlausu námi; og unnið í gerð námsáætlanna.

V2 – Gerð samþættra námskeiða (e. blended courses) fyrir kennara um mikilvægi endur- og uppvinnslu, með raunverulegum tillögum að því hvernig hægt er að innleiða þau í skólastofunni, nemenda og foreldra; stutt hlaðvörp um reynslu nemenda.

V3 – Gerð vefstefna og myndbanda til að auka skilning og þekkingu á uppvinnslu.

V4 – Leiðbeiningar um hvernig innleiða má hugmyndafræði uppvinnslu meðal kennara og fjölskyldna.

